



Alþingi
Erindi nr. P 141/817
komudagur 3.12.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
c/o Kristján Möller, formaður

Umsögn Valorku ehf um mál nr. 52;
þingsályktunartillögu „um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi“

Tillaga þessi er nú lögð fyrir Alþingi í þriðja sinn, en nú með lítillega breyttu orðalagi.

Varðandi meginefni tillögunnar vísar Valorka til fyrri athugasemda sinna, dags. 29.02.2012, og til athugasemda sem Valorka ehf gerði við umsagnir markaðsráðandi orkufyrirtækja, dags. 23.08.2012. Einnig er vísað til tveggja greinargerða sem sendar voru öllum þingmönnum nýlega; annað um verkefni Valorku ehf og hitt um stöðu sjávarorku á heimsvísu. Þær skýrslur eru aðgengilegar á vefsíðu Valorku; www.valorka.is.

Varðandi þær lagfæringar sem gerðar hafa verið á tillögunni frá síðasta þingi þá eru þær að flestu leyti til bóta og nauðsynlegar, eins og hér verður undirstrikað í stuttu máli:

1. Breyting var gerð í meginþexta, þannig að í stað orðalags um markmið rannsókna á sjávarorku. Fyrri orðalag var órökrétt, þar sem það gerði ráð fyrir að einungis ætti að rannsaka staði sem „ætla mætti að uppfylltu hagkvæmnikröfur“, en augljóslega er ekki unnt að segja fyrir um hagkvæmni einstakra staða án rannsókna. Nú er markmiðið að greina hagkvæmustu nýtingarkosti til framtíðar sem er rökréttara. Sama er að segja um orðalagsbreytingu meginþexta um uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
2. Tillagan gerir ráð fyrir að ráðherra skipi starfshóp sem skili tillögum eigi síðar en 1.maí 2013. Með þessu ákvæði er greinilega ætlunin að skjóta faglegum og óháðum stöðum undir stefnumótunina. Í því ljósi er vandséð hvernig velja skal í þennan hóp. Enginn er sérfróður um sjávarorku hérlendis (gagnasafn Valorku er það stærsta í þessum efnum hérlendis); stærstu aðilar landsins á sviði orkumála; Landsvirkjun, Rarik og Orkustofnun, hafa mælt gegn þróun og rannsóknum á sviði sjávarorku eins og glögg kemur fram í fyrri athugasemdum þeirra við þessa tillögu. Veljist þeir eða þeirra fulltrúar í þennan hóp má því ætla beiti sér gegn markmiðum tillögunnar. Hér er því um tveggjað ákvæði að ræða. Hinsvegar er mikilvæg sú meginregla að ávallt fjalli fróðir menn um opinbera stefnumörkun. Því leggst Valorka ekki gegn þessu ákvæði en vonar að ráðherra takist vel með skipun í þennan starfshóp.



3. Greinargerð tillögunnar hefur verið uppfærð og breytt lítillega. Þær breytingar eru allar til bóta og til þess fallnar að styðja og skýra megintextann. T.d. eru nú tilgreindar rannsóknaniðurstöður frá grannríkjum sem gefa hugmyndir um ölduorku hér við land. Gerð er grein fyrir stöðu þróunarverkefnis Valorku ehf, sem er eina fyrirtæki landsins sem vinnur að tækniþróun á sviði sjávarorku og í fremstu röð á heimsvísu varðandi tækni til nýtingar hægra stranda utan stranda. Einnig er minnst á verkefnið „Rannsóknamiðstöð sjávarorku“ sem er samstarfsverkefni þeirra aðila sem helst hafa hagsmuni og skyldur viðkomandi rannsóknum af þessu tagi. Mikilvægi tækniþróunar á sviði sjávarorku er betur undirstrikað hér en í fyrri greinargerð, s.s. í þessari setningu; *„Sjávarorkutækni er dæmi um markað sem er í hraðri mótun og gæti orðið okkur dýrmætur til verðmætasköpunar. Meiri hætta er á að tækifæri tapist í svo óhefðbundinni þróun en í þekktari tækni og því rétt að á því sé tekið í stefnumótun sem þessari“*. Valorka tekur heilshugar undir þessi orð. Í sínu þróunarstarfi, sem er einstakt hérlendis, hefur Valorka þurft að glíma við mikla fordóma og skilningsleysi að hálfu sjóðakerfis og annarra „stuðningsstofnana“. Alla þá glímu má rekja í framvindudagbókum verkefnisins. Mikið hefur rofað til í skilningsleysinu eftir víðtæka kynningu og fræðslu Valorku, en alltof víða eru forneskja og hleypidómar enn ráðandi. Dæmi um slíkt má t.d. sjá í umsögnum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Rarik-OÞ um þessa tillögu fyrir skemmstu og í synjunum Orkusjóðs og fleiri sjóða um styrki til þróunar sjávarorkutækni. Þau tilvik eru hvorki til þess fallin að auka verðmætasköpun í landinu né stuðla að nýtingu stærstu og hreinustu orkulindar Íslendinga; orkulindar sem komandi kynslóðir þurfa á að halda. Valorka ehf tekur því undir athugasemdakafla tillögunnar og telur síðustu breytingar hafa verið til bóta.

Til frekari upplýsingar:

Rétt er að geta þess hér, varðandi það sem í athugasemdakaflanum um „Rannsóknamiðstöð sjávarorku“ að þeir aðilar sem að því standa hafa fullan skilning á erfiðri stöðu ríkissjóðs í yfirstandandi efnahagsþrengingum og leita nú leiða til að fjármagna það að verulegu leyti með öðrum hætti. Liður í því er að leita eftir einum af þeim „IPA-styrkjum“ sem nú eru í boði frá Evrópusambandinu. Lögð hefur verið inn umsókn um 82 milljón króna, 2ja ára styrk til rannsókna og þróunar sjávaraorku (Icelandic Marine Energy Project). Sótt er um í nafni Hafrannsóknastofnunar í samstarfi við Valorku ehf og Hornafjarðarbæ og með aðild Háskóla Akureyrar. Til að standa straum að 25% mótframlagi leggur Valorka fram sína verkefnastyrki auk þess sem vænst er 15 milljóna framlags á fjárlögum Alþingis 2013. Fáist styrkurinn mun hann skila því framlagi til baka og gott betur, þar sem 62 milljónir hans ganga til Hafrannsóknastofnunar í sérfræðivinnu, skipaleigu og kaup á mælitækjum til eignar. Vegna þess, og vegna hinnar víðtæku samstöðu um þessa þingsályktunartilögu sem verkefnið byggir á, er þess vænst að Alþingi verði við óskum um þetta framlag. Fáist Evrópustyrkurinn ekki væri engu að síður unnt að hefja þessa rannsóknavinnu með ríkisframlaginu, en hún verður þá öll minni í sniðum í byrjun. Þess má einnig geta að stofnað hefur verið til samstarfs við Háskólann í Færeyjum (Fróðskaparsetur Föroya) um þetta rannsóknaverkefni. Færeyingar



hafa mikinn áhuga á nýtingu sjávarorku, enda fer orkuframleiðsla þar fram að mestu með dísilvélum. Þar hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir og mun sú reynsla nýtast vel hérlendis. Þetta samstarf veitir RMS færi á að sækja um stuðning í NORA samstarfssjóðinn og verður það væntanlega gert næsta vor. Á þessu sést að leitað er allra leiða til að gera þessa fyrirhuguðu rannsóknavinnu eins faglega og árangursríka og mögulegt er, á sama tíma og leitað er leiða til að létta sem mest á ríkissjóði í byrjun þessa nauðsynlega verkefnis.

Líklega á enginn aðili jafn mikla hagsmuni í húfi og Valorka ehf, varðandi vandaða stefnumótun um sjávarorku. Valorka ehf er eini aðili landsins sem nú vinnur að tækniþróun á sviði sjávarorku og hefur lagt allt í sölurnar í þágu hinna miklu þjóðarhagsmuna á því sviði. Bregðist stjórnvöld í því að móta vandaða og raunhæfa stefnu um þau málefni eða í stuðningi sínum við þróunarstarfið, þá mun tvennt augljóslega gerast: Annarsvegar mun þróunarverkefni Valorku líklega flytjast úr landi og því ekki verða til verðmætasköpunar og þekkingarauka hérlendis. Hinsvegar má ætla að þannig skammsýni muni bitna á næstu kynslóðum Íslendinga. Nú þegar er ljóst að orkuöflun landsins er ekki trygg um langa framtíð með vatnsafla og jarðhita eingöngu. Ætla má að innan 20-30 ára muni þurfa nýjar leiðir í orkuöflun, jafnvel þó tekið sé mið af ítrustu nýtingu orkukosta rammaáætlunar. Vindorka er alls ekki raunhæfur kostur eins og sannast hefur í öðrum löndum; óstöðug og mengandi. Hugsanlega má þó nýta hana til uppfyllingar og reisa myllur á örfáum afviknum stöðum. Eini raunhæfi kosturinn þegar vatnsafl og jarðhiti nálgast fullnýtingarmörk er nýting sjávarfallaorku. Hún er okkar hreinasta, tryggasta og e.t.v. stærsta orkulind. Tækniþróun fleygir ört fram og nálgast óðum hagkvæmnimörk. Hverflar Valorku hafa mikla sérstöðu og eru líklega komnir næst því á heimsvísu að geta virkjað strauma sem eru mjög algengir við annes utan fjarða (hægari en 2 m/sek). Næsta kynslóð mun hinsvegar ekki geta hagnýtt sjávarorku ef ekki verður nú þegar hafinn undirbúningur að því, t.d. með rannsóknum á umfangi og nýtingarmöguleikum; með greinungu virkjanasvæða og með þróun nýrrar tækni.

Valorka ehf mælir því eindregið með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt í núverandi mynd, og að hún komist sem allra fyrst í lokaafgreiðslu Alþingis.

Virðingarfyllst

Ásbrú 03.12.2012

Valdimar Össurason